

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 25. október 2021 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, og var þetta 89. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir og Magnús Jóhannsson. Reynir Tómas Geirsson og Runólfur Pálsson, orðanefndarmenn, voru erlendis og höfðu boðað forföll. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar, hafði einnig boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 88. fundar, sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu þrjú orðalistar, sem áður höfðu verið sendir nefndarmönnum til yfirferðar.

- a) **Potency, efficacy:** Lista með þessum og tengdum heitum hafði verið frestað á síðasta fundi en var hann nú vandlega yfirfarinn. Samþykktar voru tvær færslur fyrir potency, annars vegar almenn íslensk heiti, „geta“, „dugur“ og „virkni“, og hins vegar sértæk heiti „virkni“, „lyfvirkni“ og „magnvirkni“. Fyrir efficacy voru einnig samþykktar tvær færslur, önnur almenn með íslenska heitinu „virkni“ og hin sértæk með íslensku heitunum „hámarksvirkni“, „hámarkslyfvirkni“ og „hámarksverkun“. Heitin verða svo birt í Íðorðabankanum.
- b) **Clone, cloning og clonal.** Endurbættur orðalisti eftir síðasta fund var tekinn fyrir, ræddur og samþykktur. Heitin verða birt í Íðorðabankanum.
- c) **Verkjaheiti.** Hafist var handa við yfirferð á löngum orðalista frá síðasta fundi. Samkvæmt honum var bæði bætt við ýmsum fræðiheimum í Íðorðasafn lækna og önnur úrelt eða óþörf felld út. Ekki náðist að fara yfir nema um það bil helming listans og verður yfirferðinni haldið áfram á næsta fundi.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður 15. nóvember og síðasti fundur fyrir jól þann 13. desember. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.